

148. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða
föstudaginn 30. ágúst 2024
Fundurinn fór fram með Microsoft teams og hófst kl. 13:00

Fundinn sátu: Catherine Chambers (á Ísafirði), Lilja Magnúsdóttir (á Tálknafirði), Smári Haraldsson og Hulda Birna Albertsdóttir starfandi forstöðumaður (í Bolungarvík).

1. Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga 2024 (ársfundur).

Vegna sveitarstjórnakosninga í Vesturbyggð og Tálknafirði (nú Vesturbyggð) laugardaginn 4. maí 2024 var samráðsfundi aðildarsveitarfélaga Náttúrustofunnar frestað fram í september, sbr. 4. grein samþykktar stofunnar.

Stjórn og forstöðumaður samþykktu að samráðsfundurinn skuli haldinn í Ólafshúsi á Patreksfirði, föstudaginn 27. september 2024 og hefjast klukkan 13:30. Þau sem þess óska getið tengst fundinum á Teams. Reiknað er með að fundurinn standi í um það bil 2 klukkustundir.

2. Fundur ráðuneytis með aðildarsveitarfélögum Náttúrustofu Vestfjarða.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hélt fund með aðildarsveitarfélögum Náttúrustofu Vestfjarða miðvikudaginn 21. ágúst 2024, undir yfirskriftinni *Úttekt á starfsemi og framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa*, sbr. bréf ráðuneytisins til að sveitarfélaga frá 10. janúar 2024.

Hulda Birna gerði stjórn grein fyrir fundinum.

Stjórn og forstöðumaður voru sammála um að ræða þetta mál betur þegar minnisblað/fundargerð um fundinn hefur borist frá ráðuneytinu.

Einnig að stefna að því að vinna drög að ályktum til að leggja fyrir samráðsfundinn.

3. Stefnumótunarvinna

Rætt var um stefnumótun fyrir Náttúrustofuna og mikilvægi þess að halda lifandi umræðu um hana.

Samþykkt var að á næsta eða þar næsta fundi verði farið yfir minnisblað sem rætt var á 146. Stjórnarfund, föstudaginn 16. febrúar 2024.

4. Næsti stjórnarfundur.

Samþykkt var að næsti stjórnarfundur verði fimmtudaginn 26. september n.k. og hefjist kl 10. Fundurinn verður á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.